

Ed.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Bjarni Guðbjörnsson, Einar Ágústsson.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:
 1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.
 2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
 3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
 4. Vaxtatekjur.
- b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.
- c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánnum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.
- d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærrí en $\frac{3}{5}$ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánnum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fast-

eignarinnar samkvæmt 1. málsg. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlán-
um, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari
veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar
tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari másl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsg. 24. gr. laganna komi tvær málsg., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að $\frac{3}{8}$ hlut-
um, en $\frac{5}{8}$ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða banka-
vaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðis-
verði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin
að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram
í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarða-
kaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeild-
ina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförunum árum, og á því
sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að
túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á
hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn
er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti
er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á
jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán
með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyui
verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast
jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs
sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði
á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða
árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhuga-
verð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunninda-
jarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að
öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel
ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófull-
nægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að
fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu
frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau
nemi allt að $\frac{2}{3}$ hlutum byggingarkostnaðar. Lán til verkamannabústaða eru þó mun

hærri en íbúðarlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins og með mjög góðum kjörum. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema $\frac{2}{3}$ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100—200 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánnum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stóráuka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að heimilt sé að greiða nokkurn hluta lánsfjárhæðarinnar í bankavaxtabréfum.